



Borgarráð Reykjavíkur

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi jólaskreytingar í Reykjavík

Vísað er til fyrirspurnar Flokks fólksins til borgarráðs, dagsetta 29. nóvember 2018, sem barst skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þann 14. janúar 2019. Fyrirspurnin er svohljóðandi: „*Nokkrir borgarbúar hafa farið þess á leit við borgarfulltrúa Flokks fólksins að hann legði fram eftirfarandi fyrirspurnir. Það er hér með gert: Óskað er eftir upplýsingum um sundurliðaðan heildarkostnað við jólaskreytingar Reykjavíkurborgar fyrir jólin 2017. Jafnframt er óskað eftir sundurliðun á kostnaði eftir hverfum*“

Uppsetning og niðurtekt jólaskreytinga í Reykjavík er árlegt verkefni skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Meginþungi verkefnisins er frá nóvember fram í janúar en viðhald búnaðar nær yfir lengra tímabil ársins. Verkefnið kostaði kr. 45.055.602.- árið 2017. Í bókhaldskerfi borgarinnar er verkefnið sundurgreint eins og sýnt er í töflunni hér að neðan.

Verk	Verktexti	Verkbeiðni	Verkbeiðnatexti	Fjárhæð (kr.)	ár
62621	Jólalýsing	079017	Miðbær: Uppsetning vegna Jólalýsingar	32.350.624.-	2017
63201	Jólatré - uppsetning og niðurtekt	079055	Miðbær: Jólatré - uppsetning og niðurtekt	240.197.-	2017
			Samtals	32.590.821.-	
63201	Jólatré - uppsetning og niðurtekt	079060	Kjalarnes: Jólatré - uppsetning og niðurtekt	40.118.-	2017
			Samtals	40.118.-	
63201	Jólatré - uppsetning og niðurtekt	089883	Jólatré - Austur -uppsetning,lýsing niðurtaka	5.956.129.-	2017
63201	Jólatré - uppsetning og niðurtekt	089884	Seríur á jólatré - Vestur	6.468.533.-	2017
			Samtals	12.424.662.-	
			Heildarkostnaður 2017	45.055.602.-	

Stærstur hluti kostnaðar er vegna miðborgar eða um 32,5 mkr. en kostnaður í öðrum hverfum er um 12,5 kr.

Virðingarfyllst,



Hjalti J. Guðmundsson,
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins